

Nr. 100 / 09 Kósý EA 27***Fær í skrúfunu og dregin í land***

Skipaskr.nr. 7337
Smíðaður: Hafnarfirði 1991, plast
Stærð: 7 brl. 5,8 bt.
Mesta lengd: 8,73 m Skráð lengd: 8,57 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1993
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2009 var Kósý EA 27 á siglingu NNV af Siglunesi. Veður: NNA 3-4 m/s og smá austan kvika.

Báturinn var á leið á handfæraveiðar (strandveiðar) en á siglingunni lenti bútur úr trolli í skrúfunni og óskaði bátsverjinn eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Sigurvin kom á staðinn og dró Kósý EA til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á 15 hnúta ferð;
- að bátsverjinn náði að kúpla skrúfunni fljótlega út og koma í veg fyrir skemmdir.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.